



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

## Íslandsmeistaramótið í kata 2005

Íslandsmeistaramótið í kata fór fram í Smáranum, Kópavogi laugardaginn 2. apríl 2005. Þátttaka var meiri en á s.l. ári en tæplega 50 einstaklingar tóku þátt í mótinu. Í einstaklingsflokki kepptu 21 karl og 14 konur. Fimm kvennalið og fjögur karlalið kepptu í hópkata. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, KFR, og Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamri, vörðu Íslandsmeistararitla sína frá síðasta ári. Í hópkata karla sigraði lið Breiðabliks sigurlið Þórshamars frá í fyrra en í hópkata kvenna varði lið Þórshamars titillinn frá í fyrra. Í sigurliði Breiðabliks var Helgi Jóhannesson en hann keppti með Þórshamarsliðinu í fyrra. Þórshamar varði einnig titilinn Meistari Félaga með flest stig á mótinu. Aðaldómari var Ólafur Wallevik og honum til aðstoðar voru Halldór Svavarsson, Ólafur Helgi Hreinsson, Matthías B. Matthíasson, Árni Þór Jónsson, Eydís Líndal, Karl Sigurjónsson og Reinharð Reinharðsson.

Úrslit urðu eftirfarandi:

### Konur:

1. Sólveig Sigurðardóttir, Þórshamri
2. Auður Olga Skúladóttir, Þórshamri
3. María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri

### Karlar:

1. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, KFR
2. Daníel Pétur Axelsson, Þórshamri
3. Helgi Jóhannesson, Breiðablik

### Hópkata kvenna:

1. Þórshamar B (*Auður Olga Skúladóttir, María Helga Guðmundsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir*)
2. Þórshamar A (*Sólveig Krista Einarsdóttir, Hulda Axelsdóttir og Ragna Kjartansdóttir*)
3. Karatefélag Akraness (*Ása Katrín Bjarnadóttir, Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Dagný Björk Egilsdóttir*)

### Hópkata karla:

1. Breiðablik (*Helgi Jóhannesson, Magnús Kr. Eyjólfsson og Einar Hagen*)
2. Þórshamar A (*Daníel Pétur Axelsson, Jón Viðar Arnþórsson og Jón Ingi Þorvaldsson*)
3. Þórshamar B (*Tómas Lee Róbertsson, Margeir Stefánsson og Jón Ingi Bergsteinsson*)

### Verðlaun félaga:

	Gull	Silfur	Brons	Stig
Karatefélagið Þórshamar	2	4	2	24
Karatedeild Breiðabliks	1		1	7
Karatefélag Reykjavíkur	1			3
Karatefélag Akraness			1	2